



Til stjórnar Jarðasjóðs

Í framhaldi af samtali í vor og fundi með stjórn veiðifélagsins langar okkur hjá Six Rivers að gera eftirfarandi tilboð í allan veiðarétt á félagssvæði Veiðifélags Svalbarðsár. Tilboðið er gert með fyrirvara um endanlegt samþykki stjórnar SRI og í samræmi við þegar framlagðar hugmyndir sem hafa verið ræddar á milli aðila og hafa verið kynntar veiðifélaginu m.a. með tölvupósti í desember 2023.

1. Árlegt endurgjald verði 170.000.- EUR (samið verði sérstaklega um endurskoðun á leigu og árlega hækkun)
2. Leigutími verði 10 ár.
3. Uppræktun í samræmi við áætlun sem verði gerð með landeigendum, kostnaður að lámarki 20.000.- EUR á ári
4. Vegslóðar, merkingar og vargeyðing á hendi leigutaka en í samvinnu við veiðifélagið.
5. Veiðihúsamál. Tilboðið felur í sér tvær tillögur, bygging á nýju veiðihúsi eða endurbætur á því gamla.
6.
 - a. Sama tillaga og í desember, „Bygging á nýju veiðihúsi á kostnað leigutaka, sem verður eign leigutaka. Umfang og hönnun verður með svipuðum hætti og nýtt hús við Hafralónsá og Miðfjarðará, sem kynntar voru lítillega fyrir stjórn Veiðifélagsins s.l. vor. Í samningsferlinu gefst kostur á ræða og semja um árlega eignarfærslu á hinu nýja húsi til Veiðifélagsins án endurgjalds. Húsið við Miðfjarðará sem er byggt fyrir 2 stangir er um 450m² með 4 herbergjum.
 - b. Ef tillögu a er hafnað þá vill SRI bjóða eingreiðslu sem veiðifélagið skal ráðstafa i endurbætur á núverandi veiðihúsi. Lagt er til að fá Önnu Maríu Þórhallsdóttur arkitekt til að gera tillögu að breytingum og viðbyggingu með það að markmiði að bæta aðstöðu verulega. Eingreiðsla verði að lámarki eins árs árleiga, en viji er til að koma að endurbótum með frekari fjárstuðningi eftir að umfang og áætlanir liggja fyrir.
7. Veiðitilhögun verði í samræmi við það sem gerist á veiðisvæðum SRI í öðrum ám.

Óskað er eftir viðræðum við Veiðifélagið um þetta tilboð þar sem kostur gefst að ræða efni tilboðsins, einstaka þætti og/eða nánari útfærslu.

Best wishes,

GÍSLI ÁSGEIRSSON

CEO | FRAMKVÆMDASTJÓRI

MOBILE: +354 696 1130

EMAIL: gisli@laxinn.is

WEB: www.sixrivers.is